

Sigurlaug Guðrún Níelsína Halldórsdóttir (1920-2015), verkakona

2021/11

Sigurlaug Guðrún Níelsína Halldórsdóttir fæddist 18. apríl 1920 á Akureyri og lést 3. mars 2015 á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð í Reykjavík.

Foreldrar Sigurlaugar voru Halldór Jóhannesson f. 22. febrúar 1879, d. 17. júní 1948 og Jónína Vilborg Pálsdóttir f. 28. febrúar 1878, d. 21. desember 1948.

Sigurlaug ólst upp hjá foreldrum sínum á Akureyri. Eftir að skyldunámi lauk vann hún í fiski, við iðnað og í verslun. Um tíma rak hún bakaríið Eyrarbakarí með manni sínum. Árið 1956 flutti hún ásamt manni sínum til Voga á Vatnsleysuströnd.

Sigurlaug giftist Helga Kaj Rasmussen bakameistara f. 16. janúar 1924, d. 16. desember 1983. Hún skildi við mann sinn árið 1970 og flutti hún til Reykjavíkur. Þar vann hún í borðstofu starfsmanna Borgarspítalans allt til starfsloka. Seinustu tíu ár ævi sinnar bjó hún á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð.

Afhendingin barst frá Ástu Sigurðardóttur dóttur Sigurlaugar. Þetta er fyrsta afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

24. júní 2021

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

A-Sigurlaug Guðrún Níelsína Halldórsdóttir**A-Sigurlaug Guðrún Níelsína Halldórsdóttir**

A	1	1	1934 - 1934	Fermingarkort og fermingarsímskeyti til Sigurlaugar á fermingardegri hennar 21. maí 1934.
A	1	2	1939 - 1939	Blað með blaðaúrklippum "Hinsta kveðja til skipverja á b.v. Ólafur" og "Hvöt sungin við vígslu skemmtistaðar Sjálfstæðisfélaganna á Akureyri, - Vogum - 9. júlí 1939."